

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, iðnaðar- og orkuvinnslusvæði við Kröflu, hverfisverndarsvæði, stofnkerfi veitna og efnistökusvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. mars 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í samræmingu og nánari útfærslu á stefnu svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 um iðnaðarsvæði til orkuvinnslu, legu flutningslína, aðkomuvegi og hverfisvendarsvæði vegna náttúru- og menningarminja auk þess að marka stefnu um efnistökusvæði í tengslum við framangreindar framkvæmdir. Breytingunum er lýst í 25 liðum á skipulagsuppdraetti.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. mars 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.